

Stjórnarfundur í golfskálanum kl. 19:15

Mætt: Páll, Hreinn, Magnús, Arnór Ingi, Ásta, Bjarki og Hlynur Geir.

Vant við látin: Helena.

Páll býður fólk velkomið á stjórnarfund, setur fund. Hann óskar Heiðrúnu Önnu með sigur á fyrsta stigamóti GSÍ og gengur síðan til **dagskrár**:

1. Staðan á rekstri

HGH gefur skýrslu. Staðan er mjög góð, jákvæð staða fjármála, mikil fjölgun félaga og félagsgjöld streyma inn. Starfið gengur vel í heildina og sumarið mætt á völinn, sem lítur frábærlega út. Útlit er fyrir að ekki verði hægt að halda skálanum opnum alla daga í sumar vegna starfsmannaskorts.

2. Framkvæmdir

HGH gefur skýrslu. Vökvunarkerfið verður sett niður eftir Hvítasunnu, í fimm brautir. Aðeins hefur hægst á jarðvinnu í lokaáfanga nýja vallarins, en framundan er vinna við að klára samninga til að tryggja samninga svo sú vinna klárast. Til stendur að Borgarverk taki niður netin á gamla æfingasvæðinu. Þar 3 völlurinn verður líklega mótaður í júlí.

3. Mótahald sumars

> Íslandsmót golfklúbba 2. deild kvenna verður á Svarfhólsvelli 22.-24. júlí nk.

Þarna verður mótanefnd og mótisstjórn að standa sig og leggja fram vinnu. Í farvatninu er að finna mótisstjóra og dómara.

> Unglingalandsmót föstudaginn 29. júlí

Til stendur að krakkarnir sem taka þátt í Unglingalandsmóti mæta og planta 2000 trjáplöntum meðfram núverandi 3. braut. Það er hluti af mótinu.

> Meistaramót GOS 4.-9. júlí

Væntanlega verður mikil fjölgun þátttakenda. Mótanefnd hefur umsjón með því ásamt HGH.

4. Önnur mál

Ýmis mót eru í farvatninu af ýmsum gerðum. Spannandi mótasumar er framundan og ævintýrin rétt að byrja. Vegna mikils áhuga á holukeppni GOS var lagt til að haldin verði forkeppni fyrir þá keppni að ári.

MJM segir frá starfsemi ELDGOS. Til stendur að fara að spila 4 velli í sumar.

Mikið af nýju fólki hefur sótt í hópinn á þriðjudögum og fimmtudögum kl 10:00

Eldri kylfingar/félagar ætla að vera á neyðarvakt og koma inn til þess að hjálpa til við ýmis störf fyrir klúbbinn. Þetta er í mótun undir styrkri stjórn MJM.

PS leggur til að stjórn taki sumarfrí frá fundum fram í ágúst. Samþykkt.

Fundinn ritaði Hreinn Þorkelsson